

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/908
komudagur 30.1.2004

Frá Prestafélagi Íslands

Umsögn við 3. mál, um breytingu á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar.

Stjórn Prestafélags Íslands leggur ekki mat á nauðsyn eða mikilvægi þess að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni. Hins vegar vill stjórnin koma eftirfarandi á framfæri um samband ríkis og kirkju sem um er fjallað í sérstökum lið í frumvarpinu, án þess þó að gera athugasemdir við einstaka málsgreinar í greinargerðinni.

Eðlilegt er að ræða opinskátt og málefnalega hvernig um kristni eða kirkju skuli fjallað í stjórnarskránni, sem og hver skuli vera siðræn gildi íslenskrar menningar og samfélags. Í tengslum við þá umræðu skal rætt um samband ríkis og kirkju, en núverandi samband lýsir því hvernig stjórnvöld hafa viljað styðja að kristin gildi séu hornsteinn samfélagsins innan ramma trúfrelsis, og svo hins vegar hvernig stjórnvöld hafa viljað tryggja að allir landsmenn eigi kost á kirkjulegri þjónustu hvar sem þeir búa.

Verulegar breytingar hafa orðið á sambandi ríkis og kirkju síðustu ár og enn frekari breytingar verða væntanlega á næstu árum. Því er málefnaleg umræða eðlileg og æskileg, en tekið undir með flutningsmönnum að hugsanlegar breytingar á stjórnarskránni verði gerðar 'í góðri sátt og virðingu beggja.'

Prestafélag Íslands hefur nú þegar lagt nokkuð af mörkum til málefnalegrar umræðu um þetta mikilvæga mál meðal presta og safnaða og mun gera áfram. Þá er Prestafélagið til í samræður við hverja þá sem vilja ræða þetta málefni.